

Stjórnarfundur FEB nr. 507 þriðjudaginn 17. des. kl. 16:00 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Stefania Valgeirsdóttir, Kristinn Eiríksson, Árni Gunnarsson, Ragnar Árnason og varmennirnir Jón Magnússon og Bessi Jóhannsdóttir

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Málefni Leigufélags aldraðra, staða**
Formaður stjórnar setti fundinn og upplýsti að þessi fundur væri haldinn að ósk Bessíar Jóhannsdóttur varamanns í stjórn FEB og sú ósk væri studd af hinum varamanninum og einum aðalmanni úr stjórn FEB. Formaður fór síðan yfir stöðu LA nú þegar sala á eignum LA til Brákar hefur gengið í gegn.

Varamaðurinn Bessi Jóhannsdóttir tók til máls og gerði eftirfarandi að tillögu sinni - að:

1. Stjórn FEB óski eftir til upplýsingar, að fá í hendurnar samninga þá sem átt hafa sér stað á mill LA og Brákar.
2. Fulltrúaráði LA verði skipt út.


Tillögurnar tvær voru teknar til umræðu og síðan bornar undir atkvæði.

Tillaga 1: „Stjórn FEB óski eftir til upplýsingar, að fá í hendurnar samninga þá sem átt hafa sér stað á mill LA og Brákar“. Niðurstaða **atkvæðagreiðslunnar** var eftirfarandi: 5 voru samþykkrir, 1 sat hjá og 1 var á móti og var tillagan því **samþykkt**. Ákveðið var að stjórnarformaður FEB yrði í sambandi við stjórnarformann LA til að óska eftir umræddum gögnum.

Tillaga 2: „Fulltrúaráði LA verði skipt út“. Niðurstaða **atkvæðagreiðslunnar** var eftirfarandi: Ragnar Árnason var einn samþykkrur tillögunni en 6 voru á móti og var tillagan því **felld**.

Fundi slitið kl. 17:00

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.


Bessi Jóhannsdóttir
Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Stefanía Valgeirsdóttir